

REGLUR

Múlaþings um sérstakan húsnæðisstuðning.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur/Markmið.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með fþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrði og annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu í félagslegu húsnæði eða á almennum markaði umfram húsnæðisbætur.

2. gr.

Lagagrundvöllur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og byggist á meginreglum þeirra laga, sbr. einkum 1. gr. og IV. kafla. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur í samhengi við félagslega ráðgjöf, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Ráðgjöf í húsnæðismálum er veitt í samvinnu við aðra þá aðila sem veita húsnæðisstuðning, m.a. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna húsnæðisbóta, Íbúðalánasjóð vegna stofnframlaga og hlutaðeigandi rekstraraðila vegna úthlutunar á húsnæðisúrræðum.

3. gr.

Samspil við önnur stuðningsform.

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almennt gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016. Leiði mat samkvæmt 2. gr. til þeirrar niðurstöðu að önnur stuðningsform nægi ekki til þess að tryggja húsnæðisöryggi og sýni að umsækjandi (einstaklingur eða fjölskylda) geti ekki staðið undir húsnæðiskostnaði kemur til veitingar á sérstökum húsnæðisstuðningi.

4. gr.

Skilgreiningar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar eftir að réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið staðreyndur og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Óheimilt er að greiða sérstakan húsnæðisstuðning lengra aftur í tímann. Samningur sem kanna að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

II. Skilyrði og viðmið.

5. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild.

- a. Umsækjandi skal eiga lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um.
- b. Umsækjandi skal hafa fengið samþykka umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
- c. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- d. Umsækjandi skal mæta í viðtal við starfsmann velferðarsviðs til þess að umsókn hans teljist gild.
- e. Umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning má ekki hafna ódýrari húsaleigukosti sem honum býðst svo framarlega sem hann geti talist viðunandi fyrir fjölskylduna að mati ráðgjafa.
- f. Samningur skal liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í sveitarfélaginu. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði til námsmanna í óláns hæfu námi sem eru með tímabundið aðsetur í öðru sveitarfélagi og leigusamning þar um. Framvísa ber staðfestingu á skólavist.
- g. Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin samkvæmt matsviðmiði. Umsækjandi skal uppfylla að lágmarki fimm stig á matsviðmiði (sjá fylgiskjal).
- h. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, skulu vera undir efri mörkum samkvæmt viðmiðum 7. gr. reglna þessara.
- i. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári skulu ekki vera hærrí en samkvæmt viðmiðum 8. gr. reglna þessara.
- j. Hafi viðeigandi gögn ekki borist 30 dögum frá umsóknardegi fellur umsókn úr gildi.
- k. Umsækjandi fær sent skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hafi verið metin.

6. gr.

Fjárhæðir við útreikning.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi að hámarki 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning. Þó geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. á mánuði né farið yfir 75% af leigufjárhæð.

Sérstökum húsnæðisstuðningi verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri 50.000 kr. í kostnað af húsaleigu.

7. gr.

Fjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við tekjumörk samkvæmt leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings, samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sem félags- og húsnæðismálaráðuneytið gefur út árlega. Tafla með gildandi tekjumörkum hverju sinni er birt á heimasíðu Múlaþings.

Tekið er mið af fjölda heimilismanna við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

8. gr.

Fjárhæð vegna mats á áhrifum eigna.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við eignamörk samkvæmt leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings, sem félags- og húsnæðismálaráðuneytið gefur út árlega. Gildandi eignamörk hverju sinni eru birt á heimasíðu Múlaþings.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings er tekið mið af eignum umsækjanda og annarra heimilismanna.

III. Umsóknir og málsmeðferð.

9. gr.

Auglýsingar.

Múlaþing auglýsir eftir umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning einu sinni á ári. Í auglýsingu skulu koma fram helstu atriði reglna sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning. Á öðrum tíma er þó alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

10. gr.

Umsókn og ákvörðunartaka.

Velferðarsvið Múlaþings annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Heimilt er að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning einn mánuð aftur í tímann frá umsóknardegi.

Umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, veita starfsmönnum velferðarsviðs eftir þörfum heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Starfsmaður velferðarsviðs metur þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning og skal slíkt mat fara fram innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst. Niðurstöður mats eru lagðar fyrir meðferðarfund velferðarsviðs sem afgreiðir umsóknina í umboði fjölskylduráðs. Náist ekki sameiginleg niðurstaða um afgreiðslu máls á meðferðarfundum eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal leggja málið fyrir fjölskylduráð.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til fjölskylduráðs til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

11. gr.

Málsmeðferð.

Meðferð máls skal vera samkvæmt ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og ákvæðum laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

12. gr.

Umsóknir.

Sótt er um sérstakan húsnæðisstuðning rafrænt á mínum síðum hjá Múlaþingi eða á þar til gerðu umsóknareyðublaði á skrifstofum Múlaþings.

13. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

14. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

15. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna, ásamt skriflegum upplýsingum um rétt til áfrýjunar til fjölskylduráðs, samkvæmt 16. gr. reglnanna. Umsækjanda skal og kynntur málskotsréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála samkvæmt 17. gr. reglnanna, sé hann ósáttur við úrskurð fjölskylduráðs.

Fái umsækjandi sérstakan húsnæðisstuðning, skal gildistíma hans getið í svarbréfi, ásamt möguleika umsækjanda til að sækja um áframhaldandi stuðning. Auk þess skal vísað til 17. gr. reglnanna í svarbréfum til umsækjenda um sérstakan húsnæðisstuðning.

16. gr.

Áfrýjun.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun um afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Málskot.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

IV. Upplýsingaskylda, endurskoðun ákvörðunar og endurnýjun umsóknar.

18. gr.

Upplýsingar um aðstæður og endurskoðun greiðslna.

Umsækjandi verður að fullnægja skilyrðum 5. gr. reglnanna allt það tímabil sem liður frá umsóknardegi og á meðan á greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings stendur.

Verði breytingar á hjúskaparstöðu, tekjum eða öðrum aðstæðum, þannig að handhafi sérstaks húsnæðisstuðnings uppfylli ekki lengur skilyrði 5. gr., ber honum að tilkynna það til starfsfólks velferðarsviðs. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt er heimilt að stöðva greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings. Heimilt er að endurkrefja handhafa sérstaks húsnæðisstuðnings um greiddar bætur, komi í ljós að hann hafi leynt upplýsingum um framangreindar breytingar.

19. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda.

Umsækjandi skal upplýsa starfsfólk velferðarsviðs um breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

20. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti tilkall til á tilteknu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

21. gr.

Endurskoðun.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð hans þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

22. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

23. gr.

Endurnýjun umsóknar.

Endurnýja skal umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning að jafnaði á sex mánaða fresti en heimilt er vegna langvarandi veikinda og/eða fötlunar að stuðningur sé veittur til eins árs. Við endurnýjun umsóknar ber að kanna hvort skilyrði og viðmið séu uppfyllt vegna áframhaldandi stuðnings.

24. gr.

Endurskoðun á reglum þessum.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega og uppfæra skal eigna- og tekjumörk samkvæmt leiðbeiningum frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti jafnóðum og þær berast.

V. Húsnæðisstuðningur við foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

25. gr.

Almenn ákvæði og viðmið.

Húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum á Íslandi vegna náms fjarri lögheimili er veittur án tillits til húsnæðisbóta og án þess að fram fari mat á tekjum og eignum. Skilyrði sérstaks húsnæðisstuðnings í slíkum tilfellum er að foreldrar eða forsjáraðilar hafi lögheimili í Múlaþingi.

Stuðningurinn skal ekki fara yfir 50% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar. Heimilt er að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt þessari grein þrjá mánuði aftur í tímann frá umsóknardegi.

Ákvæði 7. gr. þessara reglna eiga ekki við þegar um húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna er að ræða.

26. gr.

Málsmeðferð

- a. Sótt er um sérstakan húsnæðisstuðning vegna námsmanns rafrænt á mínum síðum hjá Múlaþingi eða á þar til gerðu umsóknareyðublaði á skrifstofum Múlaþings.
- b. Skila þarf inn vottorði frá viðkomandi menntastofnun sem staðfestir nám umsækjanda og að umsækjandi leigi herbergi á heimavist eða námsgarði.
- c. Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.
- d. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til ákvæða þessara reglna. Jafnframt skal umsækjanda kynntur réttur hans til málskots.
- e. Segi umsækjandi upp leigu eða breyting verði á leigugreiðslu ber að tilkynna það tafarlaust til starfsfólks velferðarsviðs Múlaþings.

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Múlaþingi, nr. 175/2023.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 11. mars 2026.

Múlaþingi, 12. mars 2026.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir sveitarstjóri.

Fylgiskjal.**Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning.**

Nafn: _____

Kennitala: _____

Dagsetning: _____

Stigafjöldi: _____

Við úthlutun sérstaks húsnæðisstuðnings er leitast við að veita umsækjanda ráðgjöf við að bæta fjárhagsstöðu sína. Umsækjandi þarf að fá 5 stig eða fleiri á matsviðmiði þessu:

Staða umsækjanda:

Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0 stig
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2 stig
Ellilífeyrisþegi	2 stig
Tekjur sem samsvara framfærslu frá TR eða lægri, t.d. framfærsla hjá félagsþjónustu, Vinnumálastofnun eða TR vegna endurhæfingar	2 stig

Húsnæðisstaða:

Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins	0 stig
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1 stig
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2 stig
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4 stig

Félagslegar aðstæður umsækjanda:

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0 stig
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2 stig
Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman	2 stig
Málefni barns umsækjanda hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd á undanförunum 24 mánuðum	4 stig
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4 stig
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati starfsmanns félagsþjónustunnar	4 stig

B deild - Útgáfudagur: 26. mars 2026